7. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:*

a. Laun sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra eru áætluð óbreytt.

b. Laun annars starfsfólks hækka um 71 þús. kr. Bætt er við bókara við embættið í Hafnarfirði. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr., en endurgreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins hækkar um 150 þús. kr.

9. *Lögreglukostnaður:*

a. *Ríkislögreglan í Reykjavík.* Gert er ráð fyrir launum 40 ríkislögregluþjóna, eins og verið hefur, en auk þess launum 5 sumarmanna, en það veldur hækkun á launum um 88 þús. kr. Einnig hækka laun nokkuð vegna aldurshækkana. Áhættuþóknun hækkar um 10 þús. kr. og álag á næturvinnu og aukavinna um 18 þús. kr. Einkennisföt og tryggingar hækka um 2 þús. kr., en kostnaður vegna kvenlögreglu lækkar um 7 þús. kr.

b. *Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli.* Tala lögregluþjóna er óbreytt, en laun hækka lítillega vegna aldurshækkana. Álag á næturvinnu og helgidagauppbót hækkar um 10 þús. kr. og einkennisfatnaður um 60 þús. kr. Bifreiðakostnaður og tryggingar hækka um 24 þús. kr., fæðisstyrkur um 17 þús. kr. og annar kostnaður um 35 þús. kr.

c. *Ríkislögregla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Launaliður hækkar um 138 þús. kr., þar eð nú er gert ráð fyrir launum til tveggja lögregluþjóna á Akureyri, sem ekki hafa verið á launaskrá áður. Laun þeirra hafa fram til þessa verið greidd af öðrum kostnaði og er því ekki um kostnaðarauka að ræða. Áhættuþóknun lækkar um 6 þús. kr. og einkennisföt og tryggingar um 13 þús. kr., en álag á næturvinnu hækkar um 24 þús. kr.

10. *Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík* lækkar um 200 þús. kr.

11. *Til hegningarhúsa og vinnuhæla:*

b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni.* Laun hækka lítillega vegna aldurshækkana. Næturvinnuálag hækkar um 73 þús. kr., en aukavinna lækkar um 125 þús. kr., m. a. af því að næturvinnuálagið var talið í þeim lið í þessa árs fjárlögum. Annar kostnaður lækkar um 128 þús. kr. samkvæmt áætlun forstöðumannsins og tekjur hækka um 78 þús. kr.

c. *Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík.* Kostnaður lækkar um 24 þús. kr.

d. *Til rekstrar vinnuhælis að Kviabryggju.* Kostnaður hækkar um 400 þús. kr., þar eð gert er ráð fyrir að hælið starfi allt árið 1961.

18. *Til útgáfu norræns dómasafns* lækkar um 10 þús. kr.

19. *Kostnaður við landhelgisgæzlu* hækkar um 345 þús. kr.

20. *Bifreiðæftirlit ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 235 þús. kr., en gjaldaáætlun stofnunarinnar hefur ekki verið leiðrétt áður til samræmis við hækkað verðlag vegna efnahagsaðgerða. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

21. *Kostnaður við eftirlit á vegum.* Annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr.

22. *Húsameistari ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður lækkar um 20 þús. kr., en inn kemur nýr liður, eftirstöðvar kaupverðs bifreiðar byggingareftirlitsins, 92 þús. kr.

Um 11. gr. B.

I. *Tollar:*

a. *Tollstjóraembættið í Reykjavík.* Starfsmannahald er óbreytt. Lausavinna hækkar um 48 þús. kr. og húsaleiga, ljós og hiti um 15 þús. kr. Símakostnaður og burðargjöld hækka um 17 þús. kr. og annar kostnaður um 100 þús. kr.

b. 1. *Tollgæzlan í Reykjavík.* Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 108 þús. kr.

og simakostnaður um 12 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 120 þús. kr. með hliðsjón af reynslu undanfarið.

2. *Tollgæzlan á Keflavíkurflugvelli.* Álag á næturvinnu og helgidagauppbót hækkar um 10 þús. kr. og einkennisfatnaður um 23 þús. kr. Hiti og ljós hækkar um 13 þús. kr. og fæðisstyrkur um 5 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 47 þús. kr. og kostnaður við tolleftirlit á varnarstöðvum utan Keflavíkurflugvallar hækkar um 70 þús. kr.

3. *Tollgæzla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar undanfarið.

II. *Skattar:*

a. *Ríkisskattanevnd.* Annar kostnaður hækkar um 28 þús. kr.

b. *Kostnaður við skattstofur.* Hér er kostnaður við skattstofur áætlaður í einu lagi 6 800 þús. kr. Nefnd hefur nú til athugunar m. a., hvernig framkvæmd skattálagningar skuli hagað framvegis. Hefur nefndinni verið falið að gera tillögur um skiptingu landsins í sérstök skattumdæmi og verði einn skattstjóri í hverju. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir, að undir- og yfirskattanevndir verði lagðar niður. Af þessu á að geta orðið nokkur sparnaður og er liðurinn lækkaður um 2 089 þús. kr. Við meðferð fjárlagafrv. á Alþingi liggja tillögur nefndarinnar væntanlega fyrir í einstökum atriðum, og verður þá kostnaðurinn sundurliðaður.

Hér fellur niður 225 þús. kr. fjárveiting á þessa árs fjárlögum, framlag til skýrsluvéla.

Um 11. gr. C.

Áætlað er, að kostnaður við eyðublöð, bókbönd, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðs og opinberra embætta lækki um 50 þús. kr.

Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið.* Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

II. *Héraðslæknar.* Gert er ráð fyrir launum 63 héraðslækna, 6 aðstoðarlækna og eins staðgengils, sem er óbreytt frá því, sem nú er.

IV. *Ríkisspítalar.* Gert er ráð fyrir, að rekstrarhalli ríkisspítalanna hækki um 4 108 þús. kr.

A. *Landsspítali.* Starfsfólki fjölgar um einn sérfræðing í handaðgerðum, eina hjúkrunarkonu við aðalsóttthreinsun og tvær starfsstúlkur. Af þessum sökum hækka laun um 215 þús. kr. Bifreiðastyrkir hækka um 27 þús. kr.

Matvörur lækka um 12 þús. kr., en til blóðsegavarna hækkar um 100 þús. kr., þar eð nú er gert ráð fyrir þessari starfsemi allt árið 1961 í stað hálfis árs í ár. Annar kostnaður er áætlaður hækka um 1 102 þús. kr. Tekjur hækka um 746 þús. kr.

Rekstrarhalli hækkar um 1 130 þús. kr.

B. *Landsspítalinn, viðbygging.* Hér kemur inn nýr liður, þar eð fyrirhugað er að viðbygging Landsspítalans verði tekin í notkun 1. september 1961. Er gert ráð fyrir launum til 40 nýrra starfsmanna, lækna, hjúkrunarkvenna, starfsstúlkna og ritara tímabilið september til desember. Laun þetta tímabil eru talin nema 654 þús. kr. Bifreiðastyrkir lækna nema kr. 18 000. Matvörur eru áætlaðar 100 þús. kr. og annar kostnaður 262 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar 280 þús. kr. og rekstrarhalli 754 þús. kr.

C. *Fæðingarveild Landsspítalans.* Bætt er við einum svæfingarlækni og hækka laun af þeim sökum um 89 þús. kr. Bifreiðastyrkir hækka um 9 þús. kr.

Fæðiskostnaður er áætlaður lækka um 85 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 181 þús. kr.

Tekjur lækka um 150 þús. kr.

Rekstrarhalli kemur nú að öllu leyti á ríkissjóð, þar eð Reykjavíkurbær hættir þátttöku í rekstri deildarinnar, en bærinn hefur nú komið á fót sérstöku fæðingarheimili. Rekstrarhalli (þ. e. hluti ríkissjóðs) hækkar um 3 154 þús. kr.

D. *Hjúkrunarkvinnaskóli Íslands*. Fæðiskostnaður lækkar um 13 þús. kr. og annar kostnaður um 30 þús. kr. Tekjur eru óbreyttar og rekstrarhalli lækkar um 23 þús. kr.

E. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum*. Starfsmannahald er óbreytt. Matvörur lækka um 80 þús. kr. og annar kostnaður um 437 þús. kr. Tekjur hækka um 73 þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 565 þús. kr.

F. *Heilsuhælið í Kristnesi*. Matvörur lækka um 47 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr. Tekjur hækka um 229 þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 286 þús. kr.

G. *Geðveikrahælið á Kleppi*. Starfsmannahald er óbreytt. Matvörur lækka um 287 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 386 þús. kr. Tekjur hækka um 120 þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 23 þús. kr.

H. *Holdsvaikraspítalinn í Kópavogi*. Matvörur lækka um 12 þús. kr. og annar kostnaður um 8 þús. kr. Tekjur lækka um eitt þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 16 þús. kr.

I. *Fávítahælið í Kópavogi*. Starfsfólki fjölgar frá 1. júlí 1961 um 2 hjúkrunarkonur, 3 starfsstúlkur og einn aðstoðarmann við hjúkrun, en þá er áætlað að bætt verði við nokkru húsnæði, sem rúmar 20—25 sjúklinga. Laun þessa fólks nema 130 þús. kr. hálf t. árið. Matvörur hækka um 53 þús. kr. og annar kostnaður um 155 þús. kr. Tekjur hækka um 470 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 62 þús. kr.

J. *Blóðbankinn*. Annar kostnaður lækkar um 18 þús. kr. og tekjur um 27 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 3 þús. kr.

V. *Rannsóknarstofa háskólans*. Starfsfólk er óbreytt, en laun hækka lítillga sökum aldurshækkana. Bifreiðastyrkir hækka um 9 þús. kr. Tekjur hækka um 127 þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 79 þús. kr.

VI. *Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkvæmt lögum*. Hækkun er 500 þús. kr., en fjárveiting í ár er í það knappasta vegna nokkurrar aukningar legudaga og færslu sjúkrahúsa í hærri gjaldflokk, umfram það sem áætlað var.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum* lækkar um 180 þús. kr. vegna aukinnar geðverndarstarfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og tilkomu nýrra heilsuverndarstöðva í Hafnarfirði og Kópavogi.

XII. *Embætti skólayfirlæknis*. Annar kostnaður lækkar um 5 þús. kr.

XXI. *Til námskeiða fyrir embættislækna*, 31 þús. kr., er nýr liður, sem er þegar áfallinn kostnaður.

Um 13. gr. A.

I. *Stjórn og undirbúningur vegagerða*. Starfsmannahald er óbreytt, en laun hækka um 69 þús. kr. vegna aldurshækkana og flokkshækkunar nokkurra verkstjóra. Ferðakostnaður verkfræðinga og til aðstoðar og mælinga lækkar um 85 þús. kr., en frádráttarliður færður á ýmis verk lækkar um sömu upphæð. Annar skrifstofukostnaður lækkar um 100 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar.

II. *Þjóðvegir*. Vegaviðhald er áætlað 52 millj. kr. og lækkar frá fjárlögum í ár um 2 millj. kr.

VI. *Til áhaldakaupa* lækkar um 500 þús. kr.

XIV. *Til fyrrverandi vegaverkstjóra og verkstjóraekkna* lækkar um 66 þús. kr.

XVI. *Gjöld samkvæmt lögum nr. 16/1943, um orlof verkamanna*, hækka um 200 þús. kr.

XVII. *Atvinnuleysistryggingargjöld* hækka um 10 þús. kr.

Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins*. Rekstrarhalli skipaútgerðarinnar lækkar um 5 millj. kr., þar eð ráðgerðar eru breytingar á rekstri skipaútgerðarinnar, sem leiða munu til verulegs sparnaðar.

Niður fellur 250 þús. kr. fjárveiting í þessa árs fjárlögum, styrkur til byggingar Norðurlandsflóabáts.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnamála*. Laun hækka um 91 þús. kr. Bætt er við einum verkstjóra og teknara. Hluti af launum verkfræðinga færður á önnur verk hækkar um 20 þús. kr. Skrifstofukostnaður hækkar um 47 þús. kr. og ferðakostnaður og fæðispeningar um 20 þús. kr.

III. *Laun vitavarða* hækka um 39 þús. kr. vegna fjölgunar vita.

IV. *Rekstrarkostnaður vitanna* lækkar um 395 þús. kr., sem er eingöngu lækkun á rekstri vitaskipsins.

VII. *Til áhaldna* hækkar um 500 þús. kr.

IX. *Til hafnarbótasjóðs*. Framlag til hafnarbótasjóðs er áætlað 1 950 þús. kr. lægra en í þessa árs fjárlögum, þar eð niður falla sérstök aukaframlög til tveggja hafna, er ákveðin voru á síðasta Alþingi.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála*. Starfsmannahald er óbreytt, en aukavinna hækkar um 30 þús. kr. og annar kostnaður um 303 þús. kr. Endurgreiðsla vegna alþjóðaflugþjónustunnar til frádráttar hækkar um 200 þús. kr.

II. *Reykjavíkurflugvöllur:*

2. *Slökkviliðsdeild*. Álag á næturvinnu og áhættuþóknun hækkar um 37 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 3 þús. kr.

3. *Vélaverkstæði*. Bætt er á launalið launum eins verkstjóra, sem áður voru talin með launum tímakaupsmanna, en sá liður lækkar um 70 þús. kr. Efni og varahlutir hækka um 295 þús. kr. og benzín og oliur um 135 kr. Annar kostnaður hækkar um 16 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

4. *Trésmiðaverkstæði*. Efni og verkfæri hækka um 72 þús. kr. og annar kostnaður um 13 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

5. *Viðhald og varðveizla mannvirkja*. Malbikun flugbrauta hækkar um 20 þús. kr. og inn kemur nýr liður, færsla flugbrautarljósa 100 þús. kr., þar eð mjókka á flugbraut úr 90 metrum í 60 metra, sem er venjuleg breidd flugbrauta.

7. *Annar kostnaður* hækkar um 45 þús. kr. með hliðsjón af reynslu.

III. *Keflavíkurflugvöllur:*

1. *Skrifstofukostnaður*. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

2. *Flugumferðarstjórn*. Laun hækka um 41 þús. kr. vegna flokkshækkunar flugumferðarstjóra. Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 13 þús. kr.

3. *Flugumsjón*. Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 10 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 13 þús. kr.

4. *Flugvélaafgreiðsla*. Laun lækka um 68 þús. kr., en starfslíði fækkar um einn eftirlitsmann. Laun afgreiðslumanna hækka um 20 þús. kr.

5. *Flugvirkjadeild*. Efni og annar kostnaður hækka um 110 þús. kr.

IV. *Aðrir flugvellir og sjóflughafnir*. Snjómokstur er áætlaður hækka um 25 þús. kr. og annar kostnaður um 100 þús. kr.

V. *Flugöryggisþjónustan:*

A. *Framkvæmdastjórn*. Launaliður er óbreyttur, en inn kemur nýr liður, annar kostnaður 67 þús. kr., þar í meðal annars rekstur flugvélar flugmálastjórnarinnar að hálfu.

B. *Flugumferðarstjórn:*

1. *Upplýsingaþjónustan*. Laun hækka um 53 þús. kr., þar eð nauðsynlegt er talið að bæta við einum flugumferðarstjóra.

3. *Flugumferðarstjórn, Akureyri*. Aukavinna hækkar um 25 þús. kr. og annar kostnaður um 34 þús. kr.

C. *Flugfjarskiptistöðvar og radiovitar:*

1. *Radiodeild. Stjórn.* Þetta er nýr liður, sem hefur að geyma laun tveggja starfsmanna.

2. *Viðhald stöðvanna:*

A. Radioverkstæðið í Reykjavík. Laun hækka um 162 þús. kr. og gert er ráð fyrir, að starfsmönnum fjölgi um tvo. Efni og varahlutir hækka um 30 þús. kr. og ferðakostnaður og aukavinna um 210 þús. kr. Tekjur hækka um 380 þús. kr., þannig að halli hækkar um 22 þús. kr.

B. Radioverkstæðið á Akureyri. Efni og varahlutir hækka um 15 þús. kr. og ferðakostnaður og aukavinna um 5 þús. kr. Tekjur lækka um 20 þús. kr.

C. Radioverkstæðið á Egilsstöðum. Þetta er nýr liður og er gert ráð fyrir launum til eins radioviðgerðarmanns. Efni og varahlutir eru áætlaðir 40 þús. kr. og ferðakostnaður og aukavinna 55 þús. kr. Þykir þetta óhjákvæmilegt vegna nýrra fjarskiptistöðva á Austurlandi.

3. *Rekstur stöðvanna.* Þessi liður hækkar brúttó um 765 þús. kr. vegna aukningar fjarskiptakerfisins, sem veitir stórum aukið öryggi fyrir flugið. Hefur flugmálastjórn Bandaríkjanna látið íslensku flugmálastjórninni í té fjölda margvíslegra öryggistækja, sem nú er verið að koma fyrir víðs vegar um landið. Hinn aukni kostnaður við fjarskiptastöðvar og radiovita einnig á liðum 1 og 2 stafar af starfrækslu þessara tækja. Vegna rekstrar hins nýja fjarskiptakerfis hefur verið farið fram á fjárhagslega aðstoð frá Alþjóðaflugmálastofnuninni og er gert ráð fyrir framlagi frá henni til frádráttar að upphæð 900 þús. kr.

Nettó lækkar því þessi liður um 135 þús. kr.

VI. *Kostnaður við alþjóðaflugmálastofnunina og flugmálaráðstefnur:*

Framlag til ICAO hækkar um 3 þús. kr. og ferðakostnaður um 10 þús. kr. Annar kostnaður í ICAO-deild hækkar um 7 þús. kr.

IX. *Loffferðaeftirlit.* Laun eru áætluð óbreytt, en til flugskráningar lækkar um 200 þús. kr., þar eð fyrirhuguð er breyting á fyrirkomulagi við eftirlit með flugvéllum, en sú þjónusta hefur að undanförunu verið keypt af brezka fyrirtækinu Air Registration Board. Annar kostnaður hækkar um 37 þús. kr. og er þá gert ráð fyrir rekstri flugvélar að hálfu.

Flugmálastjórnin hefur haft flugvél þessa til umráða undanfarin ár, en rekstrararkostnaður hennar ekki tekinn í fjárlög. Er það óeðlilegt, úr því nauðsynlegt er talið að hafa vélina.

X. *Alþjóðaflugþjónustan:*

1. Flugumferðarstjórn hækkar um 124 þús. kr.

2. Fjarskiptaþjónustan lækkar um 530 þús. kr.

3. Veðurþjónustan lækkar um 409 þús. kr. Til frádráttar kemur alþjóðatillag, sem lækkar um 644 þús. kr. Hlutur Íslands í kostnaðinum lækkar um 17 þús. kr.

XI. *Framlag til ICAO vegna veðurathuganaskipa á Norður-Atlantshafi* er samningsbundið og áætlað svo til óbreytt.

XII. *Veðurþjónustan á Grænlandi* er áætluð hækka um 126 þús. kr.

Tekjur af Reykjavíkurlflugvelli hækka um 500 þús. kr., en eru áætlaðar óbreyttar af öðrum flugvöllum.

Um 13. gr. E.

1. *Almenn veðurþjónusta:*

B. *Veðurstofan á Reykjavíkurlflugvelli.* Starfsmannahald er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

C. *Loftskeytadeild.* Áætlað er, að starfsmönnum fækki um tvo loftskeytamenn frá miðju ári 1961. Aukavinna lækkar um 39 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 59 þús. kr. vegna aukinnar vélanotkunar við sjálfvirka móttöku veðurskeyta og aukinnar húsaleigu, er deildin flytur úr gamla flugturninum í þann nýja.

F. *Jarðeðlisfræðideild.* Niður fellur liður til kaupa á klukku vegna jarðskjálftamælinga, 18 þús. kr., en inn kemur nýr liður að upphæð 30 þús. kr. til

ozon-mælinga. Fjárveiting til jarðeðlisfræðiársins að upphæð 50 þús. kr. í ár fellur nú niður. Endurgreiðsla vegna flugveðurþjónustu hækkar um 18 þús. kr.

3. *Veðurþjónusta vegna millilandaflugs.* Ráðuneytið hefur tekið áætlun veðurstofustjóra óbreytta inn í frumvarpið, þar eð hún er í samræmi við áætlun þá, sem send er Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Um 13. gr. F.

I. *Ferðaskrifstofa ríkisins.* Starfsmannahald er áætlað óbreytt, en aukavinna hækkar um 10 þús. kr. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting lækkar um 10 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 95 þús. kr. Til landkynningar hækkar um 75 þús. kr., en til upplýsingaskrifstofu á Akureyri lækkar um 10 þús. kr. Tekjur hækka um 150 þús. kr. og halli, sem greiddur er úr ríkissjóði er óbreyttur.

II. *Skipaskoðun ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Ferðakostnaður hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 115 þús. kr., einkum vegna kostnaðar af væntanlegri ráðstefnu skipaskoðunarstjóra, sem verður hér á landi næsta sumar.

Tekjur eru áætlaðar samkvæmt nýrri gjaldskrá og hækka um 205 þús. kr., þannig að halli lækkar um 75 þús. kr.

III. *Stýrimannaskólinn.* Laun lækka um 18 þús. kr. vegna kennaraskipta, en stundakennsla og prófkostnaður hækkar um 17 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting lækka um 10 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

IV. *Sjómannaskólahúsið.* Annar kostnaður hækkar um 79 þús. kr., en tekjur hækka að sama skapi og eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

V. *Til matsveina- og veitingaþjónaskóla.* Samkvæmt áætlun skólustjóra lækkar rekstrarkostnaður skólans um 8 þús. kr.

VII. *Til sjómælinga og sjókortagerðar.* Starfsmannahald er óbreytt. Nokkur breyting er gerð á uppsetningu þessa liðar í frumvarpinu til samræmis við þá verkaskiptingu, sem er á milli sjómælinga og sjókortagerðar. Heildarfjárveitingin lækkar um 51 þús. kr., en þá ber þess að gæta, að í þessa árs fjárlögum er veitt fé til kaupa á vél í sjómælingabát að upphæð 150 þús. kr., sem nú fellur niður.

Um 14. gr. A.

I. a. *Háskólinn.* Laun hækka um 469 þús. kr., sem stafar af stofnun fjögurra prófessorsembætta, þ. e. í eðlisfræði, efnafræði, geðsjúkdómafræði og viðskiptafræði, sem ákveðin voru með lögum frá síðasta þingi. Einnig hefur einn prófessor fengið leyfi frá störfum næsta kennsluár með óskertum launum, og er gert ráð fyrir launum staðgengils í 9 mánuði. Loks bætast við laun skrifstofustúlku.

Hiti, ljós og ræsting hækkar um 25 þús. kr. og til tannlækningsstofu um 50 þús. kr., en áætlað er að nemendafjöldi aukist verulega. Til rannsóknarstofu í lyfjafræði er áætlað 10 þús. kr. og er það sama upphæð og veitt var árið 1959, en þessi liður féll niður af vangá í ár. Til stundakennslu og landmælinga hækkar um 30 þús. kr.

Til eðlisfræðirannsókna hækkar um 886 þús. kr. Starfsemi þessi er þrjúþætt: 1) geislafræðingur, 2) segulfræðingur og 3) grunnvatnsrannsóknir. Í fjárlögum í ár eru veittar 370 þús. kr. til geislafræðinga og segulfræðinga, en er nú áætlað 326 þús. kr. (þegar frá eru dregin laun verkfræðings, sem talin eru með á launalið, og laun aðstoðarmanns, sem ekki hefur fengið heimild til að ráða). Þá er þriðji og stærsti liðurinn, til grunnvatnsrannsókna, sem áætlað er 930 þús. kr. og er nýtt. Eðlisfræðistofnun háskólans fór þess á leit á s. l. vetri við Alþjóðakjarnorkumála- stofnunina í Vínarborg, að hún legði fram fé til vísindalegra og hagnýtra rannsókna á grunnvatni á Íslandi, en slíkar rannsóknir eru taldar eitt stærsta viðfangsefnið í sambandi við notkun geislavirkra efna hér á landi. Alþjóðakjarnorkumála- stofnunin ákvað að veita \$ 25 000.00 til kaupa á rannsóknartækjum og leggja auk þess til sérfræðing í hálf ár meðan verið er að hefja starfsemina. Þessu fylgdu þau skilyrði, að lagt yrði fram af Íslands hálfu nægilegt fé til að standa

straum af öðrum kostnaði við rannsóknir, sem taka munu nokkur ár. Kostnaður af Íslands hálfu á árinu 1961 er áætlaður 1 690 þús. kr., en til frádráttar þeirri fjárhæð koma 760 þús. kr., sem er áætlað framlag frá ýmsum öðrum aðilum en stofnuninni. Mismunurinn, 930 þús. kr., er því áætlaður hér.

Til prófkostnaðar lækkar um 25 þús. kr. miðað við reynslu ársins 1959, en annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr.

B. *Tilraunastofa háskólans að Keldum*. Starfsmannahald er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 230 þús. kr. Tekjur hækka um 350 þús. kr. Rekstrarhallinn lækkar um 101 þús. kr.

III. *Fræðslumálastjóraembættið*. Starfslið er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar áður.

IV. *Menntaskólinn í Reykjavík*. Laun hækka um 176 þús. kr. vegna fjölgunar kennara um tvo og aldurshækkana. Stundakennsla hækkar um 153 þús. kr. vegna aukins nemendafjölda og fjölgunar bekkjadeilda. Prófkostnaður hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 32 þús. kr.

V. *Menntaskólinn á Akureyri*. Laun lækka um 69 þús. kr., en föstum kennurum fækkar um einn. Stundakennsla hækkar um 118 þús. kr. vegna fækkunar kennara og auk þess er gert ráð fyrir, að einn kennari fái orlof skólaárið 1961—1962. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 20 þús. kr. og til bóka og áhalda um 17 þús. kr.

VI. *Menntaskólinn á Laugarvatni*. Laun hækka um 78 þús. kr., en kennurum fjölgar um einn. Húsnæði, ljós, hiti og ræsting hækkar um 30 þús. kr., prófkostnaður um 7 þús. kr. og annar kostnaður um 43 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar áður.

VII. *Kennaraskólinn*. Laun hækka um 73 þús. kr., þar eð gert er ráð fyrir nýjum kennara. Húsnæði utan skólans hækkar um 5 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 12 þús. kr.

Stundakennsla í handíðadeild hækkar um 11 þús. kr. og húsaleiga, ljós, hiti og ræsting um 10 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 5 þús. kr.

VIII. *Vélskólinn*. Laun hækka um 64 þús. kr. vegna nýs kennara og aldurshækkana. Stundakennsla lækkar um 55 þús. kr., en hiti, ljós og ræsting hækkar um 17 þús. kr. Húsaleiga hækkar um 60 þús. kr. vegna aukins húsrýmis og prófkostnaður hækkar um 5 þús. kr. Til að semja og gefa út kennslubækur hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 30 þús. kr.

IX. *Iðnfræðsla*. Miðað við fjárlög 1960 hækkar framlag til iðnfræðslu um 140 þús. kr., sem stafar af fjölgun kennara um tvo og launahækkun vegna breytingar á starfstíma. Veldur þetta hækkun um 220 þús. kr.

Rekstrarkostnaður listiðnaðardeildar handíðaskólans hækkar vegna aukinnar kennslu um 15 þús. kr. Aftur á móti lækkar annar kostnaður Iðnskólans í Reykjavík um 95 þús. kr., þannig að heildarhækkun verður 140 þús. kr.

X. *Almenn barnafræðsla*. Framlög til barnafræðslunnar hækka um 2 810 þús. kr. frá fjárlögum 1960.

Áætlað er, að laun kennara hækki um 1 935 þús. kr., en kennurum fjölgar um 42. Laun ráðskvenna hækka um 38 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar í ár.

Kostnaður vegna stundakennslu, umsjónar og tví- og þrískípunar í skólahúsnæði hækkar um 386 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður hækkar um 92 þús. kr.

Til framkvæmdar sundskyldu í skólum hækkar um 346 þús. kr., sem stafar af hækkuðu verði á olíu, rafmagni og fargjöldum nemenda. Auk þess hefur verið gerður nýr samningur við Reykjavíkurbæ um greiðslu fyrir afnot skólanemenda af Sundhöllinni, sem veldur hækkun um 52 þús. kr. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur hækkar greiðsla til sundstaða um 50 þús. kr.

Til fyrrverandi barnakennara hækkar um 13 þús. kr.

XI. *Gagnfræðamenntun*. Framlög til gagnfræðamenntunarinnar hækka alls um 6 168 þús. kr. frá fjárlögum 1960.

Áætlað er, að kennurum fjölgi um 30 frá fjárlögum í ár og launagreiðslur hækki um 1 906 þús. kr.

Stundakennsla, umsjón, tvi- og þrískipun í skólahúsnæði svo og stjórn unglingaskóla hækkar um 544 þús. kr., sem stafar af auknum nemendafjölda og þar af leiðandi meiri tvi- og þrískipun í skólahúsnæði.

Annar rekstrarkostnaður hækkar um 148 þús. kr., sem stafar af hækkun viðhaldskostnaðar.

Framlög til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla hækka um 3 346 þús. kr. Hækkun þessi stafar af því, að byrjunarframlög til byggingar sumra gagnfræðastigsskóla eru í fjárlögum 1959 og 1960 lægri en $\frac{1}{5}$ hluti þess byggingarkostnaðar, sem ríkissjóði ber að greiða á 5 árum, sbr. lög nr. 41/1955, og einnig af því, að verðbreytingar hafa orðið síðan kostnaðaráætlanir voru gerðar um skóla, sem áttu að fá lokagreiðslu 1960. Er hér miðað við, að óhjákvæmilegar viðbótargreiðslur vegna verðhækkana dreifist á þrjú ár, 1961—1963.

Til byggingar útihúsa á Laugarvatni 222 þús. kr. fellur niður, en inn kemur nýr liður, gjöld samkvæmt 29. og 43. gr. laga um almannatryggingar, 200 þús. kr. Hefur kostnaður þessi að sjálfsögðu verið greiddur að undanfögnu, þó að ekki hafi verið sérstök fjárveiting fyrir hendi.

Til námskeiða fyrir gagnfræðaskólakennara hækkar um 10 þús. kr. og þrjú nýir liðir koma inn, kostnaður við miðskólapróf í bóknámsdeild 75 þús. kr., prófkostnaður við mótornámskeið Fiskifélags Íslands 65 þús. kr. og til bókmenntakynningar 88 þús. kr. Þessi kostnaður hefur áður verið greiddur án þess að vera sérstaklega áætlaður í fjárlögum.

XIV. *Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum:*

1. *Húsmæðrakennaraskólinn.* Prófkostnaður lækkar um 10 þús. kr. og til kennsluáhalda um 5 þús. kr. Inn koma tveir nýir liðir, viðhald 10 þús. kr. og kostnaður við námsdvöl að Laugarvatni 25 þús. kr. Námsdvöl þessi er annað hvort ár, en kostnaður við hana hefur ekki verið sérstaklega áætlaður áður.

2. *Húsmæðraskólinn í Reykjavík.* Ljós, hiti og ræsting lækkar um 6 þús. kr., en annar kostnaður og prófkostnaður hækkar um 13 þús. kr. og viðhaldskostnaður og húsaleiga um 25 þús. kr.

4. *Húsmæðraskólinn á Ísafirði.* Ljós og ræsting lækkar um 2 þús. kr. og annar kostnaður um 8 þús. kr., en viðhaldskostnaður og hiti hækkar um 12 þús. kr.

Til byggingar skóla fellur niður 95 þús. kr. í fjárlögum í ár, þar eð kostnaðarhluti ríkissjóðs er að fullu greiddur.

XV. *Til íþróttamála:*

1. *Íþróttakennaraskóli ríkisins.* Stundakennsla hækkar um 5 þús. kr., viðhald á íþróttahúsi um 18 þús. kr. og annar kostnaður um 6 þús. kr.

10. *Til Ólympiunefndar Íslands* vegna Ólympiuleikanna 1960 lækkar um 125 þús. kr. og er þetta lokagreiðsla.

11. *Til Íþróttasambands Íslands* til utanfarar íþróttamanna 200 þús. kr., er nýr liður, en undanfarin ár hefur fé verið greitt utan fjárlaga í þessu skyni. Þykir því rétt að taka upp þessa fjárveitingu.

XVI. *Til kennslu heyrnar- og málleysingja.* Laun hækka um 50 þús. kr., þar eð gert er ráð fyrir nýjum kennara. Fæðiskostnaður lækkar um 20 þús. kr. og kaup starfsstúlkna um 10 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

XXV. *Til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga* hækkar um 275 þús. kr., en þessi liður hefur verið of lágt áætlaður á undanfögnu árum.

XXXIV. *Námsstjórar.* Laun hækka um 39 þús. kr., þar eð einn námsstjórana, sem áður tók $\frac{2}{3}$ launa, tekur nú full laun. Annar kostnaður er óbreyttur.

XXXV. *Endurskoðun skólakostnaðar.* Laun hækka um 86 þús. kr., en áætlað er að bætt verði við einum starfsmanni og gert er ráð fyrir flokkshækkun ritara.

XXXVII. *Til upptökuheimilisins í Elliðahvammum* lækkar um 166 þús. kr., þar eð skuldir, sem safnast höfðu, eru nú greiddar.

XXXVIII. *Til eftirlits með skólabyggingum* er nýr liður 150 þús. kr. Nauðsynlegt þykir að taka upp sérstakt eftirlit með skólabyggingum og er gert ráð fyrir þeim kostnaði hér.

Um 14. gr. B.

I. *Landsbókasafnið*. Einn bókaforður hefur fengið átta mánaða orlof og hækka laun af þeim sökum um 50 þús. kr. vegna staðgengils. Til árbókar hækkar um 5 þús. kr. og ýmis gjöld um 10 þús. kr. Niður fellur 300 þús. kr. fjárveiting til flutnings safnsins og til kaupa á safnhirzlum, en inn kemur nýr liður, til innréttingar, 200 þús. kr.

II. *Þjóðskjalasafnið*. Ýmis gjöld hækka um 5 þús. kr. og tekin er upp fjárveiting að fjárhæð 30 þús. kr. til greiðslu á skuldum vegna endurbóta á húsnæði og lýsingu safnsins.

IV. *Listasafn ríkisins*. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

V. *Náttúrugripasafnið*. Starfsliði fjölgar um ritara og hækka laun af þeim sökum um 38 þús. kr. Til rannsókna og ferðakostnaðar hækkar um 10 þús. kr.

VIII. *Til náttúruverndarráðs* hækkar um 5 þús. kr.

IX. *Safnahúsið*. Til viðgerða á miðstöðvarkerfi 50 þús. kr. fellur nú niður, en 75 þús. kr. eru áætlaðar til málningar utanhúss.

X. a. *Framlag til bókasafna samkvæmt lögum nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn*. Til bæjar- og héraðsbókasafna hækkar um 20 þús. kr., en til sveitabókasafna og lestrarfélaga lækkar um 50 þús. kr. og til bókasafna skóla og annarra opinberra stofnana um 10 þús. kr.

XI. *Styrkir til bókaútgáfu o. fl.* Hér koma inn þrjú nýir liðir, til norræna sumarháskólans 20 þús. kr., til norræns blaðamannanámskeiðs í Árósum 15 þús. kr. og til Ásmundar Guðmundssonar, fyrrv. biskups, til þýðingar á Nýja testamenti 20 þús. kr. Hafa tvær hinar fyrrnefndu upphæðir verið greiddar að undanfögnu utan fjárlaga.

LXV. *Til eflingar menningarsambands við Vestur-Íslendinga* hækkar um 17 þús. kr.

LXXV. *Til Vesturheimsblaðsins Lögbergs—Heimskringlu* hækkar um 50 þús. kr.

LXXXIV. Til Erlings Vigfússonar til söngnáms 8 þús. kr. er nýr liður.

Um 15. gr.

I. *Biskupsembættið*. Ljós og hiti í biskupsbústaðnum hækkar um 8 þús. kr., skrifstofukostnaður um 25 þús. kr. og ferðakostnaður biskups um 10 þús. kr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófesta*. Laun eru áætluð óbreytt. Gert er ráð fyrir óbreyttri tölu presta, þ. e. 120. Síma- og frimerkjakostnaður presta hækkar um 40 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar og húsaleigustyrkur presta hækkar af sömu ástæðu um 60 þús. kr.

VII. *Til að gefa út ársskýrslu þjóðkirkjunnar* hækkar um 3 500 kr.

X. *Til kynningarsjóðs islenzku og vestur-islenzku kirknanna* er nýr liður, 25 þús. kr.

XI. *Árgjöld til alþjóðakirkjusambanda* hækka um 5 þús. kr.

XIII. *Til byggingar Skálholtskirkju* er áætlað 800 þús. kr. og lækkar um 150 þús. kr.

XVI. *Til biskupsbókasafns* er nýr liður, 10 þús. kr.

Um 16. gr. A.

3. *Til greiðslu kostnaðar af starfi veiðistjóra* hækkar um 5 þús. kr.

8. *Til verðlagsnefndar landbúnaðarafurða* hækkar um 20 þús. kr. samkvæmt reynslu undanfarið.

9. *Til búfjárræktar samkvæmt lögum nr. 54/1957:*
- a. *Nautgriparækt.* Almennur styrkur til nautgriparæktarféлага lækkar um 40 þús. kr. og til verðlauna um 43 þús. kr. vegna færri nautgripa á sýningarsvæðinu næsta ár.
- b. *Sauðfjárrækt.* Styrkur til sauðfjárræktarféлага lækkar um 25 þús. kr. vegna fjölgunar féлага og til verðlauna lækkar um 10 þús. kr.
- c. *Hrossarækt.* Verðlaunafé á landssýningu lækkar um 2 þús. kr.
- e. *Sæðingarstöðvar.* Rekstrarstyrkur stöðvanna lækkar um 66 þús. kr. vegna aukinnar starfsemi þeirra, einkum á Suðurlandi.
11. *Til tilraunaráðs búfjárræktar* lækkar um 50 þús. kr.
12. *Til jarðræktartilrauna.* Rekstrarkostnaður tilraunastöðva lækkar um 100 þús. kr. og til útgáfustarfsemi um 10 þús. kr.
17. *Til fyrirhleðslu í Þverá og Markarfljóti* lækkar samkvæmt áætlun vegamálastjóra um 75 þús. kr.
20. *Til fyrirhleðslu í Hólmsá á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu* lækkar samkvæmt áætlun vegamálastjóra um 100 þús. kr.
23. *Til sjóvarnargarða* er áætlað 1 250 þús. kr. og lækkar um 280 þús. kr. frá fjárlögum.
24. *Til sandgræðslu.* Ýmis gjöld hækka um 15 þús. kr., en aðrir liðir eru áætlaðir óbreyttir.
32. *Kostnaður vegna eyðingar reifa og minka* er lækkaður um 1 500 þús. kr., þar eð ráðgerðar eru fyrirkomulagsbreytingar á þessum málum, sem leiða eiga til verulegs sparnaðar.
33. *Til dýralækna.* Sóttvarnaraðgerðir og ferðakostnaður héraðsdýralækna lækkar um 20 þús. kr.
37. *Kostnaður við sauðfjársjúkdómavarnir.* Bætur vegna fjárförgunar, uppeldisstyrkur og aðrar bætur og styrkir lækka um 205 þús. kr. og til nýrra girðinga um 80 þús. kr. Viðhald og endurbætur girðinga lækkar um 75 þús. kr. og til niðurgreiðslu vaxta af viðreisnarlánnum lækkar um 35 þús. kr.
44. *Búnaðarkennsla:*
- a. *Bændaskólinn á Hólum.* Stundakennsla lækkar um 8 þús. kr., en aðrir liðir eru óbreyttir.
- b. *Bændaskólinn á Hvanneyri.* Viðhaldskostnaður lækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.
- c. *Garðyrkjuskólinn á Reykjum.* Hiti, ljós og ræsting lækkar um 6 þús. kr. og annar kostnaður um 6 þús. kr., en viðhaldskostnaður lækkar um 5 þús. kr.
45. *Húsmæðraskólar utan kaupstaða.* Fjárveiting til húsmæðrafræðslu utan kaupstaða lækkar um 142 þús. kr. frá fjárlögum í ár. Starfsmannahald er óbreytt, en laun hækka um 14 þús. kr. vegna aldurshækkana. Stundakennsla lækkar um 20 þús. kr. og viðhaldskostnaður um 107 þús. kr.
50. *Mat á landbúnaðarafurðum.* Ferðakostnaður matsmanna lækkar um 10 þús. kr.
54. *Kostnaður vegna laga um lax- og siluñgsveiði.* Kostnaður þessi er nú áætlaður 150 þús. kr. og lækkar frá fjárlögum um 119 þús. kr.

Um 16. gr. B.

1. *Til Fiskifélags Íslands* lækkar um 130 þús. kr., sem er aukinn kostnaður við mótornámskeið vegna aukins nemendafjölda.
14. *Kostnaður við mat á sjávarafurðum.* Starfsmannahald er óbreytt. Skrifstofukostnaður lækkar um 30 þús. vegna hækkaðrar húsaleigu, og ferðakostnaður lækkar um 10 þús. kr.
15. *Til að leita að rækjumiðum* er nýr liður, 300 þús. kr. Fjárveiting þessi er tekin upp í samræmi við ályktun Alþingis 1. júní s. l.

Tveir liðir falla niður af þessari grein, samtals að upphæð 600 þús. kr. Aðrir liðir þessarar greinar eru óbreyttir.

Um 16. gr. C.

10. *Til framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis* hækkar um 25 þús. kr.

12. *Öryggiseftirlit ríkisins*. Starfsmannahald er óbreytt og annar kostnaður hækkar um 54 þús. kr., m. a. vegna hækkaðrar húsaleigu. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

Um 16. gr. D.

I. *Stjórn raforkumála*. Skrifstofukostnaður hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

II. *Til undirbúnings rannsókna og áætlana um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir*. Starfsmannahald er óbreytt, en skrifstofukostnaður hækkar um 67 þús. kr. Tekjur þessarar deildar eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

III. *Rafmagnsveitur ríkisins*. Fast starfslið er áætlað óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 2 749 þús. kr., en frádráttarliður (greitt af veitum í rekstri) hækkar um 2 millj. kr. Rekstrarkostnaður og raforkukaup veitna hækkar um 14 millj. kr. Rekstrartekjur veitna hækka um 8 millj. kr. Bráðabirgðalán til greiðslu á rekstrarhalla veitna er nú áætlað 13 millj. kr. og hækkar frá fjárlögum um 6 millj. kr.

VII. *Rafmagnseftirlit ríkisins*. Starfslið er óbreytt. Skrifstofukostnaður hækkar um 95 þús. kr., ferðakostnaður um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 50 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

X. *Jarðhitadeild*. Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður lækkar um 10 þús. kr. Til jarðborana er nú áætlað í einu lagi 6 millj. kr., er það lækkun frá fjárlögum í ár um 3 600 þús. kr. Er nú í athugun að sjá fyrir fjárþörf til þessarar starfsemi með öðrum hætti en beinum fjárframlögum úr ríkissjóði.

Um 16. gr. E.

I. *Atvinnudeild háskólans*.

1. *Iðnaðardeild*. Starfsmannahald er óbreytt. Til hagnýtra jarðfræðirannsókna og iðnaðarrannsókna hækkar um 14 þús. kr. og annar kostnaður um 30 þús. kr. Tekjur af rannsóknum hækka um 50 þús.

2. *Fiskideild*. Starfsmannahald er óbreytt, en laun hækka vegna aldurshækkana um 40 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 80 þús. kr.

3. *Búnaðardeild*. Starfsmannahald er óbreytt, en laun hækka um 21 þús. kr. vegna aldurshækkana. Annar kostnaður hækkar um 35 þús. kr. Tekjur fjárræktarbúsins á Hesti eru áætlaðar hækka um 45 þús. kr. Annar kostnaður tilraunabúsins á Varmá hækkar um 4 þús. kr., og tekjur lækka um 5 þús. kr.

4. Sameiginlegur kostnaður. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 120 þús. kr. vegna hins aukna húsnæðis, sem Fiskideild verður nú í allt árið. Enn fremur fær Iðnaðardeild aukið húsnæði. Húsaleiga í leiguhúsnæði lækkar um 95 þús. kr. vegna flutnings Fiskideildar. Niður fellur liður að upphæð 160 þús. kr., til endurgreiðslu á láni vegna húsnæðisaukningar fyrir byggjngarefnaðarannsóknir. Tekjur frá Happraði Háskóla Íslands hækka um 50 þús. kr.

II. *Til rannsóknaráðs*. Laun hækka um 60 þús. kr., þar eð starfsliði fjölga um bókara. Rannsóknarkostnaður hækkar um 30 þús. kr. og inn kemur nýr liður, til athugunar á nýtingu innlendra orkulinda og náttúruauðæfa til iðnaðar 40 þús. kr., en annar liður jafnhár fellur niður, til rannsókna á kísilleir við Mývatn og víðar.

Til kjarnfræðinefndar, til rannsóknar á hagnýtingu kjarnorku, 100 þús. kr. í fjárlögum 1960, fellur nú niður og enn fremur 135 þús. kr. til tækninýjunga.

V. *Vegna tæknilegrar aðstoðar* lækkar um 100 þús. kr.

Um 17. gr.

I. Sveitarstjórnarmál:

1. Eftirlit með skipulagi bæja og sveitaþorpa. Starfsmannahald er óbreytt, en kostnaður við loftmyndatöku og teiknun korta hækkar um 100 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.
2. Til Bjargráðasjóðs Íslands hækkar um 20 þús. kr.
4. Til vegagerðar í Egilsstaðakauptúni lækkar um 118 þús. kr.
Til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum, 150 þús. kr., í fjárlögum nú, fellur niður.

II. Húsnæðismál:

1. Húsnæðismálastofnun ríkisins. Launaliður hækkar lítillega, en kostnaður við skyldusparnað lækkar um 1 150 þús. kr., en í undirbúningi er fyrirkomulagsbreyting, sem áætlað er að leiði til verulegs sparnaðar við innheimtuna.
4. Til teikninga á verkamannabústöðum hækkar um 100 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar.

III. Vinnumál.

2. Sáttanefndir í vinnudeilum. Annar kostnaður lækkar um 10 þús. kr.
8. Til orlofssjóðs húsmæðra. Samkvæmt lögum nr. 45/1960, um orlof húsmæðra, ber ríkissjóði að greiða til orlofssjóðs árlega upphæð, sem svarar til minnst 10 kr. fyrir hverja húsmóður í landinu og er áætlað að sú greiðsla nemi 375 þús. kr.
9. Kostnaður við framkvæmd orlofslaga lækkar um 125 þús. kr. frá fjárlögum í ár, en í undirbúningi er frv. um að breyta lögum um orlof í þá átt, að hætt verði að greiða orlof með orlofsmerkjum.
10. Framlag til I.L.O. hækkar um 60 þús. kr.

IV. Almennatryggingar:

Framlag til almennatrygginga hækkar í heild um 57 346 þús. kr.

1. Framlag til lífeyristrygginga hækkar um 52 300 þús. kr. Þessi hækkun stafar af fernu: 1) Hækkun sú, sem varð á bótagreiðslum á þessu ári, gildir allt árið 1961 í stað hluta úr ári 1960, en það veldur 34 100 þús. kr. hækkun. 2) Fyrirhugað er að afnema hið svokallaða skerðingarákvæði, sem veldur 7 900 þús. kr. hækkun á greiðslum ríkissjóðs. 3) Fjölgun bótaþega veldur hækkun hjá ríkissjóði um 5 500 þús. kr. 4) Ekki er gert ráð fyrir neinum tekjuafgangi frá árinu 1960, en frá árinu 1959 var 5 800 þús. kr. afgangur, sem lækkaði framlag ársins 1960.
2. Framlag til sjúkratrygginga er áætlað hækka um 4 446 þús. kr. og er þá gert ráð fyrir að verðhækkunir 1960 verði komnar fram í hækkuðum sjúkrasamlagsiðgjöldum 1961, en 1960 var gert ráð fyrir að verðhækkunir mundu til jafnaðar valda iðgjaldahækkun fyrir hálf árið.
3. Framlag til atvinnuleysistrygginga hækkar um 600 þús. kr. frá fjárlögum 1960.

V. Önnur félagsmál.

1. Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla hækkar um 190 þús. kr.
 - a. Styrkur til berklasjúklinga lækkar um 771 þús. kr. Vistdagar eru nú áætlaðir 63 000 í stað 71 500 í áætlun yfirstandandi árs.
 - c. Launakostnaður vegna berklavarna lækkar um 55 þús. kr.
 - d. Berklaræktanir hækka um 25 þús. kr.
 - e. Annar kostnaður lækkar um 10 þús. kr.
 - f. Styrkur til sjúklinga annarra en berklasjúklinga hækkar samkv. áætlun félagsmálaráðuneytisins um 1 001 þús. kr.
2. Önnur ríkisframfærsla.
 - d. Greiðsla með börnum erlendra manna lækkar samkv. áætlun félagsmálaráðuneytisins um 200 þús. kr.

12. Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi.
d. Til barnaheimilisins Sólheima í Grímsnesi hækkar um 10 þús. kr.
Nokkrir liðir á 17. gr. falla niður.

Um 18. gr.

Greinin í heild hækkar um 1 489 þús. kr. Eftirlaun og styrktarfé lækkar um 213 þús. kr. Framlag samkvæmt lögum nr. 64/1955 og 66/1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og barnakennara, hækkar um 500 þús. kr. og framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri hækkar um 1 160 þús. kr. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna hækkar um 42 þús. kr.

Um 19. gr.

Greinin í heild lækkar um 500 þús. kr. Útgjöld samkvæmt 22. gr. og 24. gr. lækka samkvæmt reynslu um 2 millj. kr., en til óvissra útgjalda hækkar um 1 500 þús. kr.

Um 20. gr.

- Inn: *Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna* er nú áætlað 3 millj. kr., sem er 2.5 millj. kr. hækkun frá fjárlögum í ár. Er hér miðað við reynslu síðustu ára.
- Út: I. *Afborganir af lánnum ríkissjóðs* eru taldar nema 12 843 þús. kr. eða lækka um 16 þús. kr. Þessi fjárhæð er sundurliðuð á bls. 84—86. Afborganir af lánnum landssímans eru áætlaðar 2 millj. kr., en það er 2 150 þús. kr. lækkun frá fjárlögum nú.
- II. *Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánnum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum*, er nú áætlað 38 millj. kr., sem er hækkun um 3 millj. kr. frá fjárlögum nú.
- VI. *Til byggingar skips vegna Vestmannaeyja og nálægra hafna* er áætlað 2 275 þús. kr. og lækkar um 1 015 þús. kr.
- VIII. *Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða* lækkar um 400 þús. kr.
- XXIV. *Til aukningar landhelgisgæzlu* er nú áætlað 5 millj. kr. og lækkar um 3 750 þús. kr. Hér er um að ræða greiðslu vaxta og afborgana af láni, sem tekið var vegna smíði varðskipsins Óðins. Vonir standa til að láns-tíminn fáiast lengdur að mun, og er lækkunin gerð í trausti þess að sú verði raunin.
- XXVIII. *Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti* er nýr liður, 445 þús. kr.
- XXIX. *Til endurnýjunar á bifreiðum ríkisstofnana* er nýr liður, 800 þús. kr. Allmikið er sótt á um fjárveitingar til að endurnýja bifreiðakost ríkisstofnana. Þykir rétt að sameina fjárveitingar í þessu skyni á einn stað og fénu verði síðan skipt með hliðsjón af því hvar þörfin er brýnust.

Um 22. gr.

- XXI. Hér er aflað heimilda til að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að kr. 18 700 þús. kr. Sams konar heimild var í fjárlögum 1959, þá að upphæð 28 500 þús. kr., en hún er nú nær fullnotuð.

Starfsmannaskrá ríkisins í frumvarpi til fjárlaga 1961.

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Póstmálaskrifstofan:			
	Póst- og símamálastjóri (½ laun)	1	II. kr.	51 198
	Skrifstofustjóri	1	V. —	85 310
	Póstmálafulltrúi	1	VII. —	73 624
	Aðalbókari	1	VII. —	73 624
	Fulltrúar	7	VIII.—IX. —	473 302
	Bókarar	5	X. —	281 351
	Ritarar	2	XIII. —	91 021
		18		kr. 1 129 430
	Póststofan í Reykjavík:			
	Póstmeistari	1	VI. kr	78 300
	Deildarstjórar	3	VII. —	220 872
	Aðalféhirðir	1	VII. —	73 624
	Varðstjórar	4	VIII. —	275 800
	Póstfulltrúar og póstafgreiðslumenn ...	69	IX.—X. —	4 291 519
	Bréfberar og póstaðstoðarmenn	39	XII. —	2 013 720
	Húsvörður	1	XII. —	52 272
		118		kr. 7 006 107
	Póststofan á Akureyri:			
	Póstmeistari	1	VII. kr.	73 624
	Fulltrúar	3	VIII.—IX. —	197 502
	Póstafgreiðslumenn	3	X. —	180 558
	Bréfberar	2	XII. —	104 548
	Póstsendlar	2	U. —	50 000
		11		kr. 606 232
	Póstaftgreiðslan á Ísafirði:			
	Póstaftgreiðslumaður (⅓ launa)		VII. kr.	24 541
	Fulltrúi	1	VIII. —	68 950
	Póstaftgreiðslumenn	2	X. —	120 372
	Bréfberi	1	XII. —	52 274
		4		kr. 266 137
	Póstaftgreiðslan á Seyðisfirði:			
	Póstaftgreiðslumaður (⅓ launa)		VII. kr.	24 541
	Póstaftgreiðslumaður	1	X. —	60 186
	Bréfberi	1	U. —	22 056
	Aukæaðstoð		U. —	26 000
		2		kr. 132 783

Fjárł.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Póstafgreiðslan á Siglufirði:			
	Póstafgreiðslumaður ($\frac{1}{3}$ launa)		VII. kr.	24 541
	Fulltrúi	1	VIII. —	68 950
	Póstafgreiðslumenn	2	X. —	114 235
	Bréfberi	1	XII. —	52 274
		4		kr. 260 000

	Póstafgreiðslan í Vestmannaeyjum:			
	Póstafgreiðslumaður ($\frac{1}{3}$ launa)		VII. kr.	24 541
	Póstfulltrúi	1	VIII. —	68 950
	Afgreiðslumenn	2	X. —	104 929
	Bréfberar	2	XII. —	104 548
		5		kr. 302 968

Launagreiðslur pósts samtals kr. 9 703 657.

Landssíminn:

Aðalskrifstofan:

	Póst- og símamálastjóri ($\frac{1}{2}$ laun)		II. kr.	51 198
	Skrifstofustjóri	1	V. —	85 311
	Aðalgjaldkeri	1	VII. —	73 625
	Aðalbókari	1	VII. —	73 625
	Yfirverkfræðingar	2	IV. —	184 646
	Aðalteiknari	1	IX. —	64 276
	Teiknari	1	X. —	60 185
	Fulltrúar 1. stigs	12	VIII. —	827 400
	Fulltrúar 2. stigs	6	IX. —	385 656
	Bókarar	9	X.—XI. —	522 969
		34		kr. 2 328 891

Ritsímastöðin í Reykjavík:

	Ritsímastjóri	1	VI. kr.	78 300
	Yfirvarðstjórar	4	VIII.—X. —	258 270
	Varðstjórar	5	VIII.—XI. —	317 872
	Fulltrúar	2	VIII.—IX. —	133 226
	Símritarar	10	IX.—X. —	631 073
	Bókarar	7	XI. —	388 577
	Aðstoðarmaður	1	X. —	60 185
	Skeytaskrásetjarar	2	XI. —	111 022
	Talsímakonur	73	XII.—XIII. —	3 400 491
	Sendimenn	10	XI.—XII. —	529 222
	Eftirlitsstúlkur	2	XI. —	111 022
	Næturvörður	1	XI. —	55 511
	Loftskýtamaður	1	X. —	49 668
		119		kr. 6 124 439

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Bæjarsími Rvíkur og Hafnarfjarðar:			
	Bæjarsímstjóri	1	VI.	kr. 78 300
	Innheimtugjaldkeri	1	VIII.	— 68 950
	Umsjónarmaður	1	VII.	— 73 625
	Símafræðingur	1	VII.	— 73 625
	Símstjóri í Hafnarfirði	1	VIII.	— 68 950
	Fulltrúar	9	VIII.—IX.	— 606 528
	Verkstjórar	6	VIII.—IX.	— 409 026
	Símvirkjar	21	IX.—X.	— 1 255 714
	Bókarar	13	X.—XI.	— 740 339
	Iðnaðarmenn	2	X.	— 120 370
	Naturvörður	1	XI.	— 55 511
	Aðstoðarmenn	2	X.—XI.	— 115 696
	Teiknarar	2	X.	— 120 370
	Línuverkstjórar	3	X.	— 170 038
	Línumenn	27	XI.	— 1 488 379
	Ritari	1	XIII.	— 47 514
	Talsimakonur	9	XII.—XIII.	— 420 942
	Aðstoðarféhirðar	2	X.	— 120 370
		103		kr. 6 034 247
	Loftskeytastöðin í Reykjavík:			
	Stöðvarstjóri	1	VIII.	kr. 68 950
	Símritarar	4	IX.—X.	— 253 013
	Talsimakonur	2	XII.—XIII.	— 100 974
		7		kr. 422 937
	Stuttbylgjustöðin:			
	Deildarstjóri (½ laun)	1	VII.	kr. 36 812
	Stöðvarstjóri	1	VIII.	— 68 950
	Varðstjóri	1	VIII.	— 68 950
	Símvirkjar	2+1	IX.—X.	— 160 690
	Loftskeytamaður	1	X.	— 60 185
	Símritarar	3	IX.—X.	— 188 737
	Bókari	1	XI.	— 55 511
	Fjarritari	1	XIII.	— 47 514
		12		kr. 687 349
	Radíóverkstæðið:			
	Símafræðingur	1	VII.	kr. 73 625
	Verkstjórar	2	VIII.	— 137 900
	Símvirkjar	16	IX.—X.	— 995 688
	Iðnaðarmenn	4	X.—XII.	— 232 830
